

Hrönn Jónsdóttir

From: Eygerður Margrétardóttir <eygerdur.margretardottir@samband.is>
Sent: mánudagur, 28. febrúar 2022 14:44
Cc: freyr.eyjolfsson; Eygerður Margrétardóttir
Subject: Samtaka um hringrásarhagkerfi – opnað hefur verið fyrir skráningar

Categories: GoPro: Skjalað undir 202109-0017 - Innleiðing hringrásarhagkerfis - Í vinnslu (mál)

Sent til sveitarfélaga, framkvæmdarstjóra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Meiriháttar breytingar á úrgangsstjórnun sveitarfélaga eru framundan. Þessar breytingar voru innleiddar í íslenskt regluverk í júní 2021 og koma til framkvæmda 1. janúar 2023. Það er því skammur tími til stefnu og því brýnt að bretta upp ermarnar og hefjast handa.

„Samtaka um hringrásarhagkerfið“ er verkefni sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett á fót með aðstoð umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins til að aðstoða sveitarfélög við að innleiða þessar miklu breytingar. Verkefnið skiptist í þrjú verkefnahluta, sem allir hafa það hlutverk að renna styrkari stoðum undir innleiðingu hringrásarhagkerfið hérlendis. Þessir verkefnahlutar eru taldir upp hér að neðan en útbúin hefur verið vefsíða um allt verkefnið [hér](#).

Hægt er að skrá sveitarfélög til þátttöku til og með 11. mars hér að neðan:

1. [Svæðisáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku](#)
2. [Kaup í anda hringrásarhagkerfisins - innkaup í úrgangsstjórnun sveitarfélaga](#)
3. [Borgað þegar hent er kerfi heim í hérað](#)


Sambandið efnir til **upphafsfundar allra verkefnanna á Teams þann 16. mars nk. kl. 10:00-12:00**. Á fundinn verða boðaðir tengiliðir allra sveitarfélaganna sem skrá sig til þátttöku í einu eða fleiri af ofangreindum verkefnahlutum. Á fundinum mun ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála flytja ávarp, farið verður yfir helstu breytingar sem framundan eru í úrgangsstjórnun sveitarfélaga og þau stuðningsverkefni sem sveitarfélögum býðst. Umræður verða í lok fundarins. Frekari upplýsingar um fundinn verða sendar út síðar.

Frekari upplýsingar um verkefnið „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ veita:

Freyr Eyjólfsson, freyr.eyjolfsson@sorpa.is.

Eygerður Margrétardóttir, eygerdur.margretardottir@samband.is.

Með kveðju,



Eygerður Margrétardóttir
sérfræðingur í umhverfis- og úrgangsmálum
Beint innval: 515 4942
Netfang: eygerdur.margretardottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.